

Ed.

269. Frumvarp til laga

[102. mál]

um breyting á lögum nr. 81 5. júní 1947, um útflutningsgjald af sjávarafurðum.

Frá sjávarútvegsnefnd.

1. gr.

Staflíður b. undir 1. tölulið í 4. gr. laganna orðist svo:

Til að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsóknna og fiskifræðirannsóknna, sem reist verður á vegum Háskóla Íslands, $\frac{1}{8}\%$ fram til ársloka 1953, en eftir þann tíma fellur gjaldið niður, og lækkar þá útflutningsgjaldið samkv. 1. gr. sem þessu nemur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Atvinnumálaráðuneytið sendi nefndinni frumvarp þetta með ósk um að flytja það, og hefur nefndin orðið við þeim tilmælum. Einstakir nefndarmenn eru óbundnir um fylgi við frv. eða brtt., sem fram kynnu að koma.

Frumvarpinu fylgdu svo hljóðandi athugasemdir:

Með lögum nr. 41/1946 var svo kveðið á, að frá 1. janúar 1946 til ársloka 1949 skyldi gjald það, er um ræðir í lögum nr. 47 19. maí 1930, um fiskveiðasjóðsgjald, renna til þess að greiða stofnkostnað byggingar til fiskiðnrannsóknna og fiskirannsóknna, sem reist verði á vegum Háskóla Íslands og á lóð hans. Gjald þetta nam $\frac{1}{8}\%$ af útflutningsverðmæti sjávarafurða. Jafnframt voru á fjárlögum 1946, 15. gr. B. I. 2. e., veittar kr. 100 000.00 til þessara byggingaframkvæmda. Bygging sú fyrir fiskiðn- og fiskirannsóknir, sem hér um ræðir, er enn þá ekki risin af grunni, og ber til þess ýmsar ástæður, sem nánar verður greint frá hér á eftir. Hins vegar er ljóst, að fé það, sem þegar hefur safnast í byggingarsjóð, muni ekki nægja fyrir þeim framkvæmdum, sem fyrirhugaðar eru, og er því farið fram á framlengingu um 4 ár á því tímabili, sem umrætt útflutningsgjald renni í stofnsjóð byggingar fyrir fiskiðn- og fiskirannsóknir.

Það er viðtekin regla meðal erlendra þjóða, sem rannsóknastarfsemi stunda, að aðbúnaður rannsóknanna og tilkostnaður er í réttu hlutfalli við mikilvægi þess málefns eða þýðingu þess atvinnuvegar fyrir þjóðarbúskapinn, sem rannsóknirnar fjalla um.

Um mikilvægi sjávarútvegsins fyrir Íslendinga verður ekki deilt. Frá honum koma 90% af útflutningsverðmæti þjóðarinnar, og í sambandi við hann hefur risið upp einasta stóriðja, sem orðið hefur til á Íslandi. Flestum er líka ljóst, að vísindaleg og hagnýt rannsóknastarfsemi fyrir þennan atvinnuveg er þjóðarnauðsyn. Má í því sambandi benda á, hve mjög oss riður á að skilja göngur nytjafiskanna og hvaða ytri skilyrðum þær eru háðar, eða hver nauðsyn oss er, að sjávaraflinn

sé gernýttur og fundnar séu nýjar leiðir til að nytja hann, þegar þær gömlu takmarkast eða lokast. Sem stendur er aðbúnaður sá, sem rannsóknarstarfsemi sjávarútvegsins býr við, í fullkomnu ósamræmi við aðbúnað fyrir aðrar rannsóknir í landinu. Fiskirannsókuirnar búa í leiguhúsnæði, sem á engan hátt er til frambúðar, þótt telja megi, að með því sé fengin sæmileg bráðabirgðalausn á húsnæðisvanda þeirra. Fiskiðnrannsóknirnar eru að því leyti verr settar, að núverandi húsnæði þeirra er allsendis ófullnægjandi, en hikað hefur verið við að flytja þær í bráðabirgðahúsnæði vegna þess, að talið var, að slík lausn gæti tafið fyrir þeim byggingarframkvæmdum, sem ræðir um í frumvarpi þessu.

Tilgangurinn með byggingu þeirri, sem hér um ræðir, er að skapa rannsókn-um sjávarútvegsins þau ytri skilyrði, sem þeim eru nauðsynleg. Í henni verða sameinaðar allar rannsóknir í þágu sjávarútvegsins. Stærð hennar og tilhögun er miðuð við framtíðarþarfir þess atvinnuvegar, að svo miklu leyti sem hægt er að sjá þær fyrir. Ekki er gert ráð fyrir, að byggingin verði fullgerð öll í einu, heldur að hún verði byggð í áföngum, eftir því sem fjármagn leyfir og þörf verður fyrir húsnæðið.

Nokkur dráttur hefur orðið á því, að byrjað væri á byggingu þessari. Þar sem ástæðurnar fyrir honum eru sumar hverjar nokkuð óvanalegar, þykir rétt að rekja sögu þessara byggingarframkvæmda í fáum dráttum.

Sumarið 1945 starfaði stjórnskipuð 6 manna nefnd, og var verkefni hennar meðal annars að gera tillögur um endurskipulagningu Atvinnudeildar háskólans. Nefndin varð ásátt um, að bæta bæri fiskiðnaðardeild í Atvinnudeildina, og komst jafnframt að þeirri niðurstöðu, að bráða nauðsyn bæri til að sjá fiskifræðingum fyrir framtíðarhúsnæði. Í álitinu til ráðherra farast nefndinni orð á þessa leið:

„Skipulagsnefndin hefur orðið ásátt um, að reisa beri hið fyrsta hús, er rúmi innan veggja sinna allar rannsóknir í þarfir sjávarútvegsins og ekkert annað, og telur, að með tillögum sínum sé gengið frá öllum nauðsynlegum undirbúningi, til þess að það starf megi hefjast. Með stofnun sem þeirri, er hér er fyrirhuguð, telur nefndin, að lagður sé traustur framtíðargrundvöllur að visindalegum og hagnýtum rannsókn-um í þágu þessa höfuðatvinnuvegar þjóðarinnar.“

Á Alþingi 1946 voru síðan, að tilstuðlan atvinnumálaráðherra, gerðar þær ráðstafanir, sem að framan greinir, til að tryggja byggingunni fjármagn.

Snemma í janúar 1947 skipaði atvinnumálaráðuneytið þá prófessor Alexander Jóhannesson, Árna Friðriksson fiskifræðing og dr. Þórð Þorbjarnarson í byggingarnefnd, og var prófessor Alexander Jóhannesson formaður nefndarinnar. Nefndin tók þegar til starfa og réð Halldór Jónsson húsameistara til að gera uppdrætti að byggingunni. Allur undirbúningur nefndarinnar miðaðist við það, að byggingin stæði á lóð háskólans, eins og tilskilið var í lögum. Hinn 18. marz s. á. tilkynnti háskólaráð, að það leyfði, að fyrirhuguð bygging fyrir fiski- og fiskiðnrannsóknir yrði reist á lóð háskólans. Leyfi þetta var þó bundið því skilyrði, að háskólaráð ákvæði stað fyrir bygginguna á lóðinni og samþykkti teikningar að byggingunni. Um miðjan janúar 1948 tilkynnti byggingarnefndin háskólaráði, að endanlegar teikningar af byggingunni lægju nú fyrir, og mæltist til, að háskólaráð gerði bindandi samþykkt um, að byggingin yrði reist á lóð háskólans. Á fundi hinn 12. marz synjaði háskólaráð loks um lóð undir bygginguna þrátt fyrir þau loforð, sem áður höfðu verið gefin. Prófessor Alexander Jóhannesson baðst þá lausnar úr nefndinni, en atvinnumálaráðuneytið skipaði nokkru síðar þá Davíð Ólafsson fiskimálastjóra og Hafstein Bergþórsson útgerðarmann til að taka sæti í nefndinni, og var Davíð Ólafsson formaður. Fyrsta verk hinnar endurskipuðu nefndar var að fá hentuga lóð fyrir bygginguna. Hinn 21. júní 1948 tókst nefndinni loks fyrir tilstuðlan atvinnumálaráðuneytisins að fá hentuga lóð fyrir bygginguna við Skúlagötu á milli húss Fiskifélags Íslands og Nýborgar.

Vegna miðsvæðisafstöðu lóðarinnar og nálægðar við höfnina var hún ein sú æskilegasta, sem völ gat verið á. Hins vegar var sá ókostur á lóðinni, að sprengja þurfti fyrir nær öllum grunninum og flytja þurfti burtu geysimagn af uppgrefti.

Ekki var gert ráð fyrir, að byrjað yrði á grunninum fyrr en snemma árs 1949, þar sem beðið var eftir mikilvirkum graftarvélum, er verktakinn, Reykjavíkurhöfn, átti von á. Byggingarnefndin hafði þegar 1948 fengið fjárfestingarleyfi fyrir hluta byggingarinnar. Framlenging þessa fjárfestingarleyfis fyrir 1949 dróst fram í aprilmánuð, og var því ekki hægt að byrja á grunngreftinum fyrr en um mánaðamótin apríl—maí. Á Skúlagötulóðinni stóðu allmargir íbúðarskálar frá tíma setuliðsins. Reyndist tafsamt mjög að fá leyfi til að rífa þá og útvega fólkinu annað viðunandi húsnæði. Verkfall og sumarfrí urðu líka til að tefja framkvæmdir. Komið var fram í septembermánuð áður en hægt var að byrja á uppslætti. Afhendingarleyfi fyrir byggingarefni höfðu ekki fengizt fram að þeim tíma, en þá fengust afhendingarleyfi fyrir hluta af timbrinu og sementinu, sem fjárfestingarleyfið hljóðaði upp á. Afhendingarleyfi fyrir steypustyrktarjárn fékkst ekki, og var því borið við, að járníð væri ekki til í landinu. Tilraunir nefndarinnar til að fá lánað steypustyrktarjárn hjá aðila, sem vegna síðbúnaðar varð að fresta byggingarframkvæmdum fram yfir áramót, strönduðu á neitun fjárhagsráðs um að tryggja honum framlengingu á fjárfestingarleyfi. Nefndin var því tilneydd að taka þá ákvörðun að fresta byggingarframkvæmdum fram yfir áramót.